

**3203. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
9. febrúar 2017 og hófst hann kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Þórður Guðjónsson varaformaður, Valgarður L. Jónsson varamaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Undir lið nr. 1 komu eftirtaldir gestir á fundinn: Hjördís Hjartardóttir, Björgvin Guðjónsson, Sigríður H. Gunnarsdóttir, Reimar Ásgeirsson, Helga Jónsdóttir, Hallgrímur Guðmundsson, Kristín Birna Gísladóttir, Elí Þór Þórisson, Elísabet Harles, Svandís Rögnvaldsdóttir, Ágústa Árnadóttir og Sigurður H. Bjarnarson. Einnig sátu fundinn undir þessu lið Einar Brandsson, formaður skipulags- og umhverfissráðs, Sigurður Páll Harðarsson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson, byggingarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Hörður Kári Jóhannesson forstöðumaður íþróttamannvirkja, Arnbjörg Stefánsdóttir skólastjóri Brekkubæjarskóla og Kristján Garðarsson Arkitekt hjá Andrúm.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

- 1. 1611077 - Framtíðaruppbygging íþróttamannvirkja á Akranesi**  
Kynningarfundur með íbúum í nágrenni við hugsanlegt fimleikahús á Vesturgötu.  
*Íbúum í nágrenni íþróttahússins við Vesturgötu var boðið á fundinn og þeim kynntar hugmyndir um hugsanlega viðbyggingu við íþróttahúsið til að nýta fyrir fimleikahús.*  
*Bæjarráð þakkar gestum fundarins fyrir komuna, góðar umræður og margar þarfar ábendingar.*
- 2. 1701020 - Fundargerðir 2017 - Samband íslenskra sveitarfélaga**  
846. fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27. janúar 2017.  
*Lagðar fram.*
- 3. 1702057 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2017**  
Drög að reglugerð um útlendingamál til umsagnar.  
*Drög að reglugerð um útlendingamál er vísað til velferðar- og mannréttindaráðs til kynningar.*

**4. 1702063 - Mánaðarlegar skýrslur**

Skýrsla fjármálastjóra sem inniheldur tölulegar upplýsingar um fjárhag Akraneskaupstaðar og fleira.

*Bæjarráð þakkar fjármálastjóra, Þorgeiri Jónssyni og öðrum sem hafa komið að verkefninu fyrir greinargóðar upplýsingar.*

**5. 1701282 - Skiptiborð fyrir þjónustuver**

Beiðni um kaup á nýju þjónustuborði fyrir þjónustuver bæjarskrifstofunnar. ÞG vísar af fundi undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir að heimila kaup á þjónustuborði í þjónustuver Akraneskaupstaðar í samræmi við fyrirliggjandi verðkönnun.*

*Fjármununum verður ráðstafað af liðnum óviss útgjöld 20830-4995.*

**6. 1701336 - Stuttmynd - styrkbeiðni vegna útskriftar**

Styrkbeiðni Bjartmars Einarssonar vegna stuttmyndar sem er útskriftarverkefni hans.

*Bæjarráð bendir umsækjendum á að sækja um í Uppbyggingarsjóð Vesturlands hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi en það er réttur vettvangur fyrir umsóknir sem þessa.*

**7. 1702028 - Húsnæði Skagaleikflokksins**

Uppsögn á húsnæði Skagaleikflokksins að Mánabraut 20.

*Lagt fram til kynningar.*

**8. 1702025 - Heimildarmynd um Snorra Magnússon ungbarnasundkennara frá Akranesi**

Styrkumsókn vegna gerðar heimildamyndar um Snorra Magnússon ungbarnasundkennara.

*Bæjarráð bendir umsækjendum á að sækja um í Uppbyggingarsjóð Vesturlands hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi en það er réttur vettvangur fyrir umsóknir sem þessa.*

**9. 1501150 - Flóasiglingar**

Tillaga um ferjusiglingu milli Akraness og Reykjavíkur.

*Bæjarráð samþykkir að auglýsa tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar og Akraneskaupstaðar um beina siglingu 50 til 100 manna ferju milli sveitarfélaganna sumarið 2017. Gert er ráð fyrir útgjöldunum í fjárhagsáætlun 2017.*

10. **1402250 - Starfsendurhæfing Vesturlands - leiga á húsnæði við Suðurgötu 57**  
 Erindi velferðar- og mannréttindaráðs um leigusamning Akraneskaupstaðar og Starfsendurhæfingar Vesturlands um afnot af húsnæði að Suðurgötu 57.  
*Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi leigusamning og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*
11. **1702064 - Fjölís - endurskoðun samninga**  
 Erindi Sambandsins um endurskoðun samninga við Fjölís.  
*Lagt fram.*
12. **1702081 - Verkfall sjómanna**  
 Ályktun bæjarráðs Akraness vegna yfirstandandi sjómannaverkfalls.  
*Bæjarráð Akraness lýsir yfir þungum áhyggjum af yfirstandandi sjómannaverkfalli og hvetur samningsaðila til að ná sáttum án tafar. Verkfallið hefur þegar haft alvarleg áhrif á einstaklinga, heimili og fyrirtæki á Akranesi og á íslenskt samfélag í heild sinni.*
13. **1701291 - Rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla - beiðni um tillögur**  
 Nefnd um rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla. Afgreiðslu erindisins var frestað á fundi bæjarráðs þann 26. janúar síðastliðinn.  
*Að mati bæjarráðs Akraness er frjáls fjölmiðlun mikilvæg og ekki síst staðbundnir fjölmiðlar utan höfuðborgarsvæðisins sem gegna því hlutverki að miðla upplýsingum og tryggja lýðræðislega umræðu.*  
*Bæjarráð telur því koma til greina að veita slíkum fjölmiðlum opinbera styrki eins og gert er víða á Norðurlöndum. Staðbundnir fjölmiðlar eru sérstaklega mikilvægir á stöðum eins og á Akranesi og reyndar á Vesturlandi öllu þar sem svæðið hefur ekki sama aðgang að Ríkisútvarpinu og önnur byggðarlög sem eru með fasta starfsmenn RÚV, svo sem á Vestfjörðum, á Akureyri og á Egilsstöðum.*
14. **1603057 - Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi**  
 Erindi starfshóps um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi. Ingibjörg Pálmadóttir hefur óskað eftir að láta af störfum í starfshópnum og hennar í stað tekur Anna Þóra Þorgilsdóttir sæti. Óskað er eftir samþykki bæjarráðs fyrir þessum breytingum.  
*Bæjarráð samþykkir að Anna Þóra Þorgilsdóttir taki sæti Ingibjargar Pálmadóttur í starfshópnum.*

**15. 1701169 - Baugalundur 1,3,5,7,9 og 11 - umsókn um byggingarlóðir**

Umsókn Sjamma ehf. um byggingarlóðir að Baugalundi 1, 3, 5, 7, 9 og 11.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðanna til Sjamma ehf. samkvæmt núverandi deiliskipulagi.*

*Vegna hugmynda umsækjanda um deiliskipulagsbreytingar er þeim þætti málsins vísað til skipulags- og umhverfissviðs og sviðsstjóra falið að yfirfara málið frekar með umsækjanda og skipulagshöfundi svæðisins.*

**16. 1702088 - Starfslok bæjarstjóra**

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri hefur fengið nýtt starf sem sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

*Bæjarráð óskar Regínu Ásvaldsdóttur bæjarstjóra til hamingju með nýtt starf og þakkar henni fyrir farsælt, ánægjulegt og árangursríkt samstarf.*

*Bæjarráð felur formanni bæjarráðs og bæjarstjóra að ákvarða í sameiningu tímasetningu starfsloka.*

**17. 1702090 - Úrræði til styttingar á biðlistum í heilbrigðiskerfinu**

*Vegna fjölmiðlaumræðu um langa biðlista eftir bæklunaraðgerðum vill bæjarráð vekja athygli á vannýttum möguleikum á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi (HVE).*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:20.**